

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
13. des. 2016	

Tilv.	_____

Sameinað Sílikon hf.
Stakksbraut 9
230 Reykjanesbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 12. desember 2016
UST201612-074/S.K.
08.08.02

Fyrirmæli vegna eftirlits - aflétting

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar frá 8. desember s.l. um fyrirmæli vegna eftirlits og kröfu um úrbætur.

Í bréfi sínu kallaði Umhverfisstofnun eftir viðbrögðum við frávikum sem skráð höfðu verið í drögum af eftirlitsskýrslum og lagði áherslu á ákveðin atriði sem mikilvægt væri að fá gögn um eða viðbrögð við og voru þau eftirfarandi:

- 1. Staðfesting á að símælir fyrir ryk í rjáfri sé kominn upp til að meta losun frá verksmiðjunni, eða að skráningarfyrirkomulag verði með þeim hætti að það gefi greinargóðar upplýsingar um losun.**

Umhverfisstofnun hefur fengið staðfestingu á að fyrirtækið hafi keypt mæli til að setja upp í rjáfur á reykhreinsivirki svo hægt sé að fylgjast með virkni þess. Kvittun sýnir að gengið hafi verið frá greiðslu fyrir mælinn 8. desember s.l. og að hann muni koma til landsins við fyrsta tækifæri. Skv. áætlun rekstraraðila mun mælirinn verða kominn til landsins fyrir 14. des. n.k og settur upp fyrir 23. des.

Umhverfisstofnun telur þó rétt að áréttta að á samráðsfundi með Sameinuðu Sílikoni þann 11. nóv. s.l. kom fram að búið væri að kaupa mæli og hann kominn til landsins en veðuraðstæður hömluðu uppsetningu. Miðað við ofangreinda staðfestingu á greiðslur voru það ekki réttar upplýsingar og átelur stofnunin fyrirtækið vegna þessa. Ávallt er mikilvægt að fyrirtæki komi á framfæri réttum upplýsingum við eftirlit og á fundum. Ef vitneskja liggur ekki fyrir á fundi er rétt að koma nánari upplýsingum á framfæri síðar.

Nánar er fjallað um skráningarfyrirkomulag varðandi losun á ryki við lið 3.

- 2. Staðfesting að hráefni sé í því ástandi sem hentar til vinnslunar og feli ekki í sér meiri mengun en gert var ráð fyrir. Gera þarf nánari greiningu á ástandi hráefnis sem notað er til vinnslu.**

Umhverfisstofnun hefur fengið öryggisblöð og efnalýsingar fyrir hráefni sem notað er.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þessi gögn. Í eftirliti hefur þó komið fram að ástand viðarflísar geti haft áhrif á lyktarmengun. Umhverfisstofnun telur að fyrirtækið þurfi að stýra sínu birgðahaldi á hráefnum með þeim hætti að ekki of mikið safnist upp á svæðinu þannig að ástandi hráefna hraki eða spillist að óþörfu sbr. ákvæði 2.1 í starfsleyfi fyrirtækisins.

- 3. Staðfesting á að fullnægjandi skráningarkerfi sé til staðar sem heldur utan um alla losun mengunarefna, hráefnisnotkun og rekstur mengunarvarnarbúnaðar.**

Varðandi skráningarkerfi fyrir starfssemi verksmiðjunnar þá hefur Umhverfisstofnun fengið tillögu á skráningarkerfi fyrir rekstur reykhreinsivirkja og áætlun um úrbætur vegna þess. Skv. áætlun rekstraraðila verður sett upp sjálfvirk skráning á frávikum í rekstri reykhreinsivirkis og það komið til framkvæmda fyrir 15. des. nk. Þá er haldið utan um afl ofns og afköst reykhreinsivirkis ásamt

nákvæmri hráefnanotkun í stýrikerfi ofnsins. Unnið er að koma þessum upplýsingum í gagnagrunna. Umhverfisstofnun mun fara nánar ofan í þessar skráningar í næsta eftirliti.

Þar til sjálfvirk skráning er virk mun starfsmaður í stjórnstöð skrá handvirkt á klukkustundarfresti upplýsingar um álag ofns og álag hreinsivirkis, sem og öll frávik. Verður stofnuninni tilkynnt um frávik í síðasta lagi 2 klst eftir að þau gerast.

Upplýsingar um skráningarfyrirkomulag um losun mengunarefna hefur ekki borist að fullu.

Upplýsingar um losun SO₂ út frá hráefnum og framleiðslumagni hefur borist stofnuninni en losun fyrstu 4 vikur í starfssemi eru tæplega 18 kg/tonn Si. Umhverfisstofnun samþykkir umrædda útreikninga. Jafnframt þarf að leggja fram upplýsingar um hvernig losun ryks er áætluð. Einnig vantar upplýsingar um hvernig fylgst sé með rykmagni sem safnað er frá hreinsivirkjum. Farið verður yfir aðferðarfræði fyrir ofangreint í næsta eftirliti.

Skv. upplýsingum rekstraraðila er komið upp rafrænt skráningarkerfi varðandi umhverfismál, öryggismál og gæðamál og hefur það verið tekið í notkun. Umhverfisstofnun mun fara yfir kerfið við eftirlit. Þá hefur rekstraraðili fest kaup á viðhaldskerfi sem ætlað er að veita yfirsýn yfir eftirlit, viðhald og prófanir á öllum búnaði verksmiðjunnar, gert er ráð fyrir að það verði komið í fulla virkni og notkun fyrir 31. mars n.k. Farið verður ítarlega yfir skráningar og fyrirkomulagi þeirra í næsta eftirliti.

4. Verkferlar varðandi gangsetningu ofna séu til staðar.

Verkferill fyrir gangsetningu ofnsins var sendur til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun telur rétt að yfirfara verkferillinn þegar næsti ofn verður gangsettur. Þá telur Umhverfisstofnun það ljóst að ekki sé hentugt að nota timbur við bökun ofnsins og skautanna heldur eigi að nota koks eins og kemur reyndar fram í þeim verkferli sem sendur hefur verið til stofnunarinnar. Umhverfisstofnun óskar enn fremur eftir áætlunum rekstraraðila um hvenær næsti ofn verður tekin í notkun.

5. Gögn sem sýna fram á að allur reykur fari í gegnum reykahreinsivirki sbr. ákvæði starfsleyfis

Rekstraraðili hefur lagt fram áætlun um úrbætur á eftirliti með reykahreinsivirkjum sem tryggja á að reykur frá ofni fari í gegnum reykahreinsivirki. Umhverfisstofnun samþykkir þá áætlun og mun fylgja henni eftir við næsta eftirlit.

Varðandi einstök frávik sem talin voru upp í bréfi stofnunarinnar frá 8. desember s.l. þá hefur rekstraraðili nú komið fram með viðbrögð og áætlun um úrbætur við þeim öllum í bréfum sem bárust 12. desember s.l. Metur Umhverfisstofnun þessar áætlanir sem fullnægjandi. Farið verður frekar yfir þessar áætlanir og þeim fylgt eftir í næsta eftirliti og þá verður tekið tillit til viðbragða við gerð lokaskýrslu fyrir umrædd eftirlit. Skýrslurnar verða gerðar opinberar um leið það hefur verið gert.

Í ljósi ofangreinds afléttir Umhverfisstofnun þeim fyrirmælum sem gefin voru í bréfinu 8. desember s.l. og heimilar að ofn verksmiðjunnar verði ræstur á ný.

Umhverfisstofnun minnir á að þeim áætlunum sem koma fram í bréfum Sameinaðs Sílikons frá 11. desember s.l. verður fylgt eftir í næstu eftirlitum. Stofnunin gerir ráð fyrir að koma í aukaeftirlit í þessari viku.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri

Sigríður Kristjánsdóttir
Teymsstjóri